



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Brosbær

frístundaheimili



Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Brosbær

Frístundaheimili í Vættaskóla/ Engjum

Vættaskóli er við Vallengi

Formáli

Frístundaheimilið Brosbær er staðsett við Vættaskóla- Engi í Grafarvogi. Brosbær er eitt af átta starfandi frístundaheimilum sem tilheyra frístundamiðstöðinni Gufunesbæ.

Frístundaheimilið er staðsett í anddyri Vættaskóla- Engjum. Erum við með þrjú rými, tvö á neðri hæð skólans sem við köllum Hjartað og Kósýbæ og eitt á efri hæð þar sem eldri börnin eru og hafa þau nefnt rýmið Regnbogatorg. Einnig höfum við aðgang að bókasafni, tölvustofu, heimilisfræðistofu og íþróttahúsi. Síðdegishressinguna snæða börnin í matsal skólans.

Við leggjum áherslu á barnalýðræði í starfsemi okkar þar sem börnin velja sjálf hvað þau leika með og hverju þau taka þátt í, hafa þau einnig áhrif á hvað keypt er inn af leikföngum. Boðið er uppá skipulagða dagskrá fyrir alla aldurshópa og það er val barnanna hvort þau taki þátt í dagskránni eða séu þá í frjálsum leik í Brosbæ. Innra skipulag er byggt upp þannig að yngstu börnin fá mest frjálsan leik en tilboðum fjölgar svo eftir því sem þau verða eldri og einnig á vorönn. Hópa- og klúbbastarf er sniðið eftir aldri og þroska barnanna en einnig eftir áhugasviði þeirra.

Hálfsmánaðarlega erum við með barnaráð sem fær að ráða einum degi í komandi viku. Þá er dregið í ráðið á barnafundi sem haldinn er með öllum börnunum aðra hvora viku, barnaráð fundar undir lok vikunnar og komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvað á að gera og hvaða þema verður í gangi daginn sem þau velja. Öll börn frá 2.- 4. bekk í Brosbæ fá að sitja einu sinni hvern vetur í barnaráði.

Tilgangur frístundaheimilisins er að veita börnunum tækifæri til að stunda frístund við þeirra hæfi. Í Brosbæ læra börnin meðal annars að vera vinir, vera góð hvert við annað, bera virðingu hvert fyrir öðru og hvernig á að leika sér fallega.
(Heimild: Heimasíða Brosbæjar).

Afhending skjalasafns: Skjöl Brosbæjar komu til Borgarskjalasafns með skjölum frístundaheimila í Gufunesbæ í nóvember 2013.

Innihald: Forsaga félagsmiðstöðvarinnar, starfsmannamál, umsóknir, skráningar, skýrslur o.fl.

Tímabil: 1999-2007.

Magn: 1 askja (stór).

Skjalaskrá

Ath. allt sett í sömu öskju (D-1) þar til fleiri gögn koma, 1997-2007.

Flokkur B- Bréfa- og málafn.

Mappa

Félagsmiðstöðin í Engjaskóla, forsaga o.fl., veturinn 1997-1998, 2 eintök.

*Flokkur C- Persónumöppur, einstaklingsmál, greiningar, stuðningsskýrslur, slysaskráningarblöð o.fl. **Trúnaðarmál***

Örk 1

Umsóknir um stuðning, 2005.

Flokkur D- Kladdar, nemendalistar, stundatöflur, starf, verkefnabækur, dvalarsamningar, uppsagnir, mætingalistar.

Askja D-1

Skráningar, nemendalistar, dvalarsamningar o.fl.,

Örk 1

Brosbær. Umsóknir og skráningar, 2003-2005.

Örk 2

Brosbær. Skráningarblöð o.fl., 2006-2007.

*Flokkur E- Persónumöppur starfsfólks, starfmannamál, dagbækur, kynningarefni o.fl. **Trúnaðarmál***

Mappa

Skýrsla fyrir félagsmiðstöðina í Engjaskóla, veturinn 1989-1999.

Mappa

Haustskýrsla fyrir félagsmiðstöðina í Engjaskóla, 1999.

Örk 1

Brosbær. Starfsmannamál, breytingar o.fl., 2000.

Örk 2

Ráðningarsamningar, 2000.

Vorskýrsla fyrir félagsmiðstöðina í Engjaskóla, 2000.

Haustskýrsla fyrir félagsmiðstöðina í Engjaskóla, 2000.

Haustskýrsla fyrir félagsmiðstöðina í Engjaskóla, 2001.

Skráð í mars 2018
Gréta Björg Sörensdóttir